

STAÐA MÁLS

Málnr.:	18-199F035
Dags:	1. nóvember 2018
Staður:	Í klifri frá Keflavíkurflugvelli
Lýsing:	Missti olíuprýsting, slökkt á hægri hreyfli og snúið við til Keflavíkurflugvallar
Staða máls:	Nóvember 2019: Í rannsókn

Klukkan 16:06, um 18 mínútum eftir flugtak frá Keflavíkurflugvelli, á leið til Baltimore, lýstu flugmenn flugvélar TF-WIN (Airbus 321) yfir háska (PAN-PAN).

Tilkynntu flugmennirnir flugumferðarstjórn að þeir væru að snúa við til Keflavíkurflugvallar vegna tæknivandamála. Höfðu þá flugmennirnir slökkt á hægri hreyfli flugvélarinnar eftir að hann hafði misst olíuprýsting. Landing flugvélarinnar á Keflavíkurflugvelli gekk vel.



Við skoðun á flugvélinni eftir flugatvikið kom í ljós hægri hreyfillinn hafði tapað megnið af olíu sinni, með þeim afleiðingum að olíuprýstingur hans féll. Að auki kom í ljós að vinstri hreyfill flugvélarinnar hafði einnig tapað allnokkurn hluta olíu sinnar. Var því um alvarlega olíuleka á báðum hreyflum flugvélarinnar að ræða.

Flugvélin var nýlega komin úr viðhaldi, þar sem að meðal annars hafði verið unnið við olíukerfi beggja hreyfla hennar.

Rannsókn málsins beinist að framkvæmd viðhalds sem og viðhaldsleiðbeiningum.